



Reykjavík, 28. janúar 2022
Fundargerð 237. stjórnarfundar SHS

Tilvísun: 2201004

Föstudaginn 28. janúar var haldinn 237. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almanna- varnanevndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

Málefni SHS

1. Starfsáætlun stjórnar 2022

Formaður lagði fram og kynnti starfsáætlun vegna fastra funda stjórnar á árinu 2022.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsáætlun stjórnar SHS fyrir árið 2022, dags. 28. janúar 2022.

Afgreiðsla: Starfsáætlun stjórnar samþykkt og send formanni til undirritunar.

2. Starfsreglur stjórnar

Lögð fram breyting á starfsreglum stjórnar sem heimila styttri fyrirvara á fundarboðum og afhendingu fundargagna vegna aukafunda/neyðarfunda.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsreglur stjórnar SHS, 4. útgáfa, dags. 28. janúar 2022.

Afgreiðsla: Breytingar á starfsreglum samþykktar og þær sendar stjórn til undirritunar.

3. Árlegt árangursmat á störfum stjórnar

Lagt til að fyrirkomulag vegna árangursmats á störfum stjórnar á árinu 2021 verði hið sama og vegna fyrra árs.

Eftirfarandi lagt fram:

- Mat á störfum stjórnar 2021, spurningar, ódags.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir óbreytt fyrirkomulag árangursmats á störfum stjórnar.

4. Árleg eftirlitsáætlun forvarnasviðs 2022

Slökkviliðsstjóri lagði fram og kynnti eftirlitsáætlun forvarnasviðs fyrir árið 2022.

Eftirfarandi lagt fram:

- Eftirlitsáætlun forvarnasviðs 2022, dags. 28. janúar 2022.

Afgreiðsla: Eftirlitsáætlun forvarnasviðs fyrir árið 2022 samþykkt.

5. Álagsgreiðslur vegna COVID-19

Farið yfir erindi frá fulltrúum SHS deildar Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) vegna álagsgreiðslna til starfsfólks SHS vegna framlínustarfa í COVID-19 faraldrinum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Erindi fulltrúa SHS deildar LSS - Framlínustyrkir, dags. 29. desember 2021.

Afgreiðsla: Frestað, erindi slökkviliðsstjóra um álagsgreiðslur til starfsfólks SHS, sem lagt var fram á 233. fundi stjórnar 17. desember 2021, verður fylgt eftir.

6. Erindi frá LSS vegna útkalla SL

Lögð fram ályktun stjórnar Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um boðun björgunarsveita til aðstoðar slökkviliðum sem send var stjórn SHS, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Jafnframt farið yfir aðra umfjöllun um málið.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ályktun stjórnar LSS vegna útkalla björgunarsveita í brunaútköllum, dags. 19. janúar 2022.
- Erindi fulltrúa SHS deildar LSS - Vinnuferlar varðandi úthringingar, dags. 5. janúar 2022.
- Svar slökkviliðsstjóra við erindi fulltrúa - Úthringing á gamlárskvöld og vinnuferlar við úthringingar, dags. 13. janúar 2022.
- Svar HMS við ályktun stjórnar LSS, dags. 27. janúar 2022.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Samningaviðræður vegna sjúkraflutninga

Gerð grein fyrir stöðu mála í viðræðum við Sjúkratryggingar Íslands vegna samnings um rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Afgreiðsla: Stjórn heimilar slökkviliðsstjóra að framlengja núverandi samningi SÍ og SHS til febrúarloka 2022. Stjórn ítrekar áherslur sínar á að uppbygging núverandi samnings haldi sér í nýjum samningi eins og áður hefur verið afgreitt af hálfu stjórnar.

8. Önnur mál SHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:15.

Næsti fundur er áætlaður 18. febrúar.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Starfsáætlun stjórnar SHS fyrir árið 2022, dags. 28. janúar 2022.
- Starfsreglur stjórnar SHS, 4. útgáfa, dags. 28. janúar 2022.
- Mat á störfum stjórnar 2021, spurningar, ódags.
- Eftirlitsáætlun forvarnasviðs 2022, dags. 28. janúar 2022.
- Erindi fulltrúa SHS deildar LSS - Framlínustyrkir, dags. 29. desember 2021.
- Ályktun stjórnar LSS vegna útkalla björgunarsveita í brunaútköllum, dags. 19. janúar 2022.
- Erindi fulltrúa SHS deildar LSS - Vinnuferlar varðandi úthringingar, dags. 5. janúar 2022.
- Svar slökkviliðsstjóra - Úthringing á gamlárskvöld og vinnuferlar við úthringingar, dags. 13. janúar 2022.
- Svar HMS við ályktun stjórnar LSS, dags. 27. janúar 2022.